

Nefndasvið Alþingis
Vt. nefndarritari fjárlaganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Skorrastað 25. apríl 2017

Varðar fjármálaáætlun 2018-2022, 402. mál, þingsályktunartillaga.

Ágætu nefndarmenn.

Skorrahestar ehf voru stofnaðir 2009 í kjölfar þess að eigendur á bújörðinni Skorrastað 3 sóttu Impru- námskeið svokallað, sem miðaði að nýsköpun í atvinnulífnum og búháttabreytingum á bújörðum. Skorrahestar hafa síðan rekið hestaferðaþjónustu í Norðfirði og nú á síðustu tveimur árum byggt upp gistiheimili á jörðinni með 23 rúmum til að styðja við hestaferðaþjónustuna og skapa betri grundvöll undir búsetu á jörðinni í framtíðinni.

Við eigendur Skorrahesta ehf mótmælum harðlega þeirri virðisaukaskattshækkun á ferðaþjónustu sem nú er fyrirhuguð.

Í því samhengi viljum við benda á eftirfarandi.

1. Verði af fyrirhugaðri hækkun á virðisaukaskattinum þá má búast við samdrætti í fjölgun ferðamanna til landsins. Ásamt styttri dvalartíma gesta mun þetta bitna harðast á ferðaþjónustuaðilum á landsbyggðinni. Sú uppbygging sem orðin er á Austurlandi í ferðamannageiranum er í stórhættu verði þetta að veruleika. Fjöldagjaldþrot blasa við og jafnvel þótt ríkisvaldið hyggist veita meiri fjármunum út á land í kjölfar aukinna álagna þá er reynslan sú að slíkir fjármunir skila sér bæði seint og illa. Þessu áhlaupi á ferðaþjónustuna sem unga atvinnugrein á Austurlandi mætti líkja við það að fjárbóndinn lógaði lambánni nýborinni!!
2. Styrking krónunnar undanfarið hefur augljóslega í för með sér breytingu á fjölda ferðamanna, samsetningu og ferðaplön. Stytttri dvöl þeirra á landinu mun koma harðast niður á landsbyggðinni þar sem fluggáttin er aðeins í Keflavík. Þeir munu fara hraðar yfir í bílaleigubílum, stoppa styttra á hverjum stað og verða óánægðari með heimsóknina til landsins. Það mun svo aftur skaða orðstý Íslands sem eftirsóknarverðs lands til að heimsækja.
3. Mikilvæg þjónusta sem Ríkið veitir þorra landsmanna og er ferðaþjónustunni afar mikilvæg nær illa hingað austur til okkar s.s. öruggt GSM samband og gott aðgengi að internetinu. Hestaferðir og reiðtúrar krefjast öryggis t.d. góðs símasambands við Neyðarlínuna og það eru veruleg vonbrigði hvað hið opinbera mismunar landshlutum að þessu leyti og hve öryggi gesta okkar og þjónusta bíður tjón af þessari mismunun.
4. Ríkisvaldið leggur beinlínis stein í götu þess að aðrar fluggáttir opnast en sú til Keflavíkur. Aðgerðarleysi hins opinbera birtist t.d. í mun hærra eldsneytisverði hér fyrir austan. Þessi mismunun er reyndar illskiljanleg þar sem á tyllidögum er talað um að það þurfi að liðka fyrir dreifingu ferðamanna um landið. Hækkun á virðisaukaskatti mun ekki breyta viðhorfum til ferðaþjónustunnar úti í byggðum landsins í stjórnsýslunni – því miður.
5. Það læðist að okkur sá grunur að offjölgunin af ferðamönnum á Suður- og Vesturlandi sé að hluta til ástæða þessa frumhlaups sem boðað er í fjármálaáætluninni. Við núverandi aðstæður í fluggáttarmálum, okri á innanlandsflugi, styrkingu krónunnar, annarri aukinni skattheimtu ríkisins á ferðaþjónustuna og skilningsleysi stjórnvalda og þar með þingmanna landsbyggðarinnar á verðmætasköpun hennar mun þessi aðgerð á hækkun virðisaukaskatts valda þungum búsisfjum, sérstaklega á Austurlandi.

Með von um að þessar ótímabæru álögur verði ekki að veruleika
Þórður Júlíusson og Theodóra Alfreðsdóttir, Skorrastað, Norðfirði